

## Tillögur Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra að áhersluverkefnum 2016

Verkefni 1	Heiti verkefnisins Svæðisleiðsögn á Norðurlandi vestra
Markmið (1-2 setningar)	Markmiðið er að styrkja einn af grunnþáttum ferðaþjónustunnar með því að fjölga svæðisleiðsögumönnum á Norðurlandi vestra.
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	Vaxandi fjöldi ferðamanna sækir Norðurland vestra heim á hverju ári. Til að veita þeim sem besta þjónustu bjóða ferðaþjónustuaðilar á svæðinu upp á æ fleiri möguleika á afþreyingu, m.a. eru í boði svokallaðir ferðapakkar, til lengri og skemmri tíma. Í mörgum þessara tilboða er gert ráð fyrir menntuðum svæðisleiðsögumönnum en aðeins örfáir slíkir eru til staðar á Norðurlandi vestra í dag. Því er ætlunin að bjóða upp á nám í svæðisleiðsögn veturinn 2016-2017 í samvinnu við Farskóla Norðurlands vestra og FNV. Námskeiðið er alls 22 einingar, hefst í lok september 2016 og lýkur um miðjan maí 2017. Sóknaráætlun Norðurlands vestra og samtök ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi vestra munu niðurgreiða verkefnið.
Framkvæmdaaðili	Farskóli Norðurlands vestra
Samstarfsaðilar	SSNV og Fagráð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	„Stuðningur við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu er mikilvægur svo Norðurland vestra geti talist ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring....“ (Sóknaráætlun NI. v., bls. 6) „Stefnt er að því að hækka menntunarstig á Norðurlandi vestra og að atvinnuframboð fyrir menntað fólk aukist til muna. Boðið verði upp á nám sem nýtir auðlindir og tækifæri landshlutans Skoða þarf leiðir til að nýta náttúru, sögu og umhverfi við nám og kennslu og kynna betur hvernig nýta má þessar auðlindir til atvinnusköpunar á svæðinu. (Sóknaráætlun NI. v., bls. 8) „Efla ber menningartengda ferðaþjónustu og tengsl menningarstarfs við markaðssetningu ferðaþjónustu á svæðinu.“ (Sóknaráætlun NI. v., bls. 9)
Árangursmælikvarðar	Fjöldi útskrifaðra svæðisleiðsögumanna.
Lokafurð	15 nýútskrifaðir svæðisleiðsögumenn vorið 2017.
Tímarammi	2016-2017
Verkefni 2	Heiti verkefnisins Kortlagning skapandi greina
Markmið (1-2 setningar)	Markmiðið er að taka saman yfirlit um umfang skapandi greina og menningarlífs á Norðurlandi vestra. Með þessari samantekt er lagður grunnur að upplýsingabanka sem bæði nýtist heimamönnum og þeim sem vilja koma hingað eða tengjast landshlutanum.

Stutt verkefna­lýsing (útdráttur úr verkefna­lýsingu)	Ekki er til nein heildarsamantekt á umfangi skapandi greina og menningar­lífs í landshlutanum. Hér er um að ræða upplýsingar um söfn, sviðslistir, bóka- og skjalasöfn, tónlistarstarfsemi, listamiðstöðvar, húsnæði, gallerí, hönnuði, listamenn og margt fleira. Ráðinn verður sérstakur starfsmaður til þessarar vinnu. Stuðst er við fyrirmynd frá Eyþingi en þar er sambærilegur upplýsingabanki í smíðum. Gagnagrunnurinn verður aðgengilegur á vef SSNV og víðar. Hann mun m.a. gagnast þeim aðilum sem vilja standa fyrir viðburðum en vantar upplýsingar um húsnæði og tengingar við heimamenn á hverjum stað. Þá verður einnig í fyrsta sinn hægt að gera sér grein fyrir umfangi þessarar starfsemi á svæðinu sem nýtast mun opinberum aðilum, bæði við almenna stefnumörkun á þessum sviðum og eflingu menningarstarfs.
Framkvæmdaðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Háskólinn á Hólum – ferðamá­ladeild
Tengsl við sóknará­ætlun 2015-2019	„Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra stefna að því að efla menningarstarf á svæðinu og leggja með því áherslu á að öflugt menningar­líf sé mikilvægur þáttur í því að skapa góð atvinnu- og búsetuskilyrði.....Litið skal á Norðurland vestra sem eina heild við skipulag og uppbyggingu menningarstarfs. Áhersla er lögð á samstarf og samvinnu, samnýtingu starfskrafta og eflingu trausts og tengsla milli þeirra aðila er standa að menningarmálum. Unnið verði að kortlagningu skapandi greina og menningar­lífs og þannig lagt mat á núverandi stöðu og umfang skapandi greina á Norðurlandi vestra og samfélagslegu og efnahagslegu vægi þeirra.“ (Sóknará­ætlun NI. v. bls. 9)
Árangursmælikvarðar	Þekking á stöðu mála í landshlutanum.
Lokafurð	Lifandi grunnur sem verður aðgengilegur öllum þeim sem þurfa á honum að halda.
Tímarammi	2016-2017
<b>Verkefni 3</b>	<b>Heiti verkefnisins</b> <b>Aukið samstarf listamanna/listamiðstöðva og fræðslustofnana á Norðurlandi vestra</b>
Markmið (1-2 setningar)	Markmiðið er að efla (menningar-) og listmenntun í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi vestra með samstarfi listamanna, listamiðstöðva og skólanna á svæðinu.
Stutt verkefna­lýsing (útdráttur úr verkefna­lýsingu)	Í lífsháttakönnun sem gerð var árið 2013 meða nemenda 8.-10. bekkja á Norðurlandi vestra kom fram sérstaklega mikill áhugi á listmenntun. Á Norðurlandi vestra eru starfandi 2 listamiðstöðvar allt árið þar sem á annað hundrað listamenn (flestir erlendir) dvelja í einn eða fleiri mánuði í senn. Þar er á ferðinni umtalsverður þekkingarbrunnur sem hægt væri að nýta til að efla listir og skapandi greinar í skólum landshlutans. Einnig eru nokkrir menntaðir listamenn starfandi á svæðinu eða tengjast því sterkum böndum. Nú þegar er í gangi vísir að slíku samstarfi milli Nes listamiðstöðvar á Skagaströnd, Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki (FNV) og

	Höfðaskóla (grunnskóli) á Skagaströnd. Reynslan af því samstarfi mun nýtast við skipulagningu og framkvæmd þessa verkefnis. Áhersla verður lögð á að auka og skipuleggja þetta samstarf við sem flestar fræðslustofnanir á Norðurlandi vestra með það að markmiði að efla listmenntun, nýsköpun og skapandi greinar meðal barna og unglunga í landshlutanum, fyrst og fremst á skólatíma. Ráðinn verður sérstakur starfsmaður við framkvæmd þessa verkefnis.
Framkvæmdaaðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Listamenn, listamiðstöðvar, FNV og grunnskólar á Norðurlandi vestra.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	„Efla þarf listmenntun, m.a. með stuðningi við listnámsbraut FNV.“ Efla þarf barna- og unglungastarf í menningu og listum, t.d. með stuðningi við grunn- og framhaldsskóla.“ ( <i>Sóknaráætlun NI. v. bls. 9</i> )
Árangursmælikvarðar	Talning á fjölda fræðslustofnana og listamanna/listamiðstöðva sem verða í samstarfi.
Lokafurð	Við lok verkefnisins verður kominn grunnur að námsefni, tilhögun, skipulagi og framkvæmd, sem og formlegt samstarf listamanna, listamiðstöðva og skólanna á svæðinu.
Tímarammi	2016-2017
<b>Verkefni 4</b>	<b>Heiti verkefnisins</b> <b>Listaskóli unga fólksins</b>
Markmið (1-2 setningar)	Leggja grunn / kanna grundvöll að sumarskóla í listum og skapandi greinum fyrir börn og unglunga á Norðurlandi vestra.
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	Markmiðið er að efla þekkingu og færni í listum og skapandi greinum hjá áhugasömum börnum og unglungum í landshlutanum með því að veita þeim tækifæri til að styrkja kunnáttu sína og hæfileika á þessu sviði. a) Settur verður upp rammi og unnið kostnaðarmat að sumarskóla. b) Gerð verður áhugakönnun meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum. c) Reynist niðurstaða könnunarinnar jákvæð verðu áframhaldandi vinna við námsefni, skipulag og framkvæmd slíks skóla. Einnig verður tekinn saman listi yfir hugsanlega menntaða leiðbeinendur sem búa á svæðinu eða eiga tengingar við landshlutann. Að verkefninu loknu liggur fyrir tillaga að framkvæmd sumarskóla í listum sem opinn er nemendum hvaðanæva af landinu. Sérstakur starfsmaður verður ráðinn til að framkvæma þetta verkefni. Lögð verður sérstök áhersla á að tengjast einstaklingum af svæðinu sem stunda nám við LHÍ.
Framkvæmdaaðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Listaháskóli Íslands (LHÍ) / Aðrir áhugasamir aðilar
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	„Efla þarf listmenntun, m.a. með stuðningi við listnámsbraut FNV.“ Efla þarf barna- og unglungastarf í menningu og listum, t.d. með stuðningi við grunn- og framhaldsskóla.



Verkefni 6	Heiti verkefnisins Íbúakönnun á Norðurlandi vestra
Markmið (1-2 setningar)	Markmið íbúakönnunar er að taka saman viðhorf íbúa landshlutans til þeirra þátta sem m.a. hafa áhrif á val á búsetu þeirra. Niðurstöðurnar munu nýtast við áframhaldandi stefnumörkun opinberra aðila í búsetumálum á Norðurlandi vestra og við framkvæmd Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<p>Send verður út íbúakönnun til 1.500 íbúa svæðisins og lagðar fyrir þá spurningar í 30 liðum. Notað er slembiúrtak frá Hagstofunni og þar miðað við aldur og kyn í samræmi við samsetningu íbúanna.</p> <p>Spurt er um atvinnu-, húsnæðis-, skóla-, samgöngu-, verslunar-, menningar- og skipulagsmál, málefni fatlaðra og aldraðra og margt fleira. SSNV, SSV og SSS hafa tekið höndum saman um að gera slíka könnun, hver landshluti á sínu svæði. Kannanirnar eru eins, utan 2-3 spurninga sem eru sértækar á hverju svæði.</p> <p>SSV sér um framkvæmd könnunarinnar en samtökin hafa reynslu af gerð álíka verkefna á Vesturlandi. Starfsmaður SSV, Vífill Karlsson, mun stýra verkefninu.</p> <p>Sjálfri könnuninni mun ljúka 1. desember 2016 en úrvinnslu lýkur ekki fyrir en árið 2017.</p>
Framkvæmdaaðili	SSV
Samstarfsaðilar	SSNV - SSV - SSS
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	„Árið 2025 verði á Norðurlandi vestra auðugt mannlíf, öflugt menningarlíf og svæðið þekkt sem góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk þar sem saman fer næg atvinna, blómlegt menningarstarf og fjölbreytt framboð náms og starfa.“ (Sóknaráætlun Nl.v., bls. 3.)
Árangursmælikvarðar	Að verkefninu loknu mun liggja fyrir þekking á viðhorfum íbúa Norðurlands vestra til fjölmargra þátta sem snúa að búsetumálum og hafa áhrif á búsetuval íbúanna. Þar með er komið tæki/grunnur fyrir opinbera aðila til stefnumörkunar og áframhaldandi vinnu við að ná þeim markmiðum sem stefnt er að í Sóknaráætlun Norðurlands vestra.
Lokafurð	Skýrsla þar sem niðurstöður könnunarinnar munu birtast. Skýrslan verður einnig birt á heimasíðu SSNV og e.t.v. víðar, auk þess sem vakin verður athygli á niðurstöðum hennar í fjölmiðlum á Norðurlandi vestra.
Tímarammi	Sept. 2016 - Sept. 2017